

31. fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 2. febr. 2009

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, Eydís Eypórsdóttir, Einar Gunnarsson, Gísli Sveinn Grétarsson, Ingi Ingason, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Vignir Sveinsson

1. Forvarnarstefna Stykkishólmsbæjar

Elísabet fór yfir forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar, hver og ein stofnun ber ábyrgð á sinni stefnu. Yfirumsjón á að vera í höndum æskulýðs og tómstundarfulltrúa og æskulýðs og íþróttanefndar. Fara þarf yfir notkun tóbaks og annara efna í umhverfi íþróttamiðstöðvar og annara stofnana bæjarins. Endurskoðun þessarar forvarnarstefnu þarf að fara fram innan hvers hóps. Þarf það að gerast fyrir vorið. Félög og stofnanir ættu að hafa link á sinni heimasíðu sem vísar beint á forvarnarstefnu sína.

2. Skýrslur forstöðumanna.

Íþróttahús:

Í gangi er hefðbundið starf. Næsta helgi er TBR með æfingabúðir í húsinu. Vignir er með verkefni í gangi sem felst í því að taka fyrir lið fyrir lið hvar er hægt að spara í rekstri. Hann hvetur aðra forstöðumenn til hins sama. Einar er með hugmyndir um að nýta húsið betur á sumrin, undir allskonar æfingabúðir, aðstaðan mjög góð. Finna þarf farveg fyrir þetta.

X-ið:

Mæting hefur batnað efir áramót, eftir að leiksýningum lauk. Yngri krakkarnir mæta betur en þeir eldri. Ýmislegt á döfinni, þemakvöld, Skarphéðinn, spilakvöld, samfés og fleira. Sennilega verður ekki starfsemi í X-inu nema út febrúar v. uppsetningar á eldfjallasýningu. Finna þarf annað húsnæði undir starfseminu, t.d. í skólanum. Kanna þarf það sem strax. Samstarf er milli skóla og X-ins. Lítið hefur verið um samstarf á nesinu. En haldinn verður samnesdagur bráðlega sennilega í Grundarfirði. Starfsmenn X-ins hafa áhyggjur af lélegu ástandi hússins, spurning er hvort einhver úttekt er gerð á húsnæðinu t.d. varðandi rafmagn og annað. Er húsið slysagildra?

Æskulýðs og íþróttafulltrúi:

Eydís hefur verið að reyna að tengja saman eldri og yngri kynslóðirnar. Krakkarnir fóru fyrir jól og sungu á dvalarheimilinu. Krakkar úr 9.bekk fara á fimmtudögum og lesa fyrir gamla fólkið úr bæjarblöðunum. Haldinn var ömmu og afa dagur á leikskólanum með harmonikkuspili og dansi. Eydis er að fara í vettvangsnám hér í grunnskólanum, sem lítur að tómstundum unglinga.

Næsti fundur verður 2.mars.

Sign

Margrét Ísleifsdóttir

Katrín Pálsdóttir